

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík 27. júní 2013

Efni: Frumvarp til laga um um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (frítækjumörk, tekjutengingar og eftirlitsheimildir). 25. mál á 142. löggjafarþingi 2013.

Femínistafélag Íslands gerir athugasemd við lagafrumvarp félags- og húsnæðismálaráðherra um breytingar á lögum um almannatryggingar (25. mál á 142. löggjafarþingi). Athugasemdir félagsins lúta að því hvaða leiðir er farið til að bæta kjör lífeyrisþega og telur félagið þær ekki endurspegla markmið um jafnrétti kynjanna á Íslandi.

Nýlegar rannsóknir hafa bent á að staða kvenkyns ellilífeyrisþega er verri en karlkyns ellilífeyrisþega. Mismunur á efnahagslegri stöðu eldri borgara á rætur að rekja til ólaunaðra umönnunar- og heimilisstarfa kvenna síðustu áratugi. Ljóst er að með því að taka að sér ólaunuð störf á heimilum og innan fjölskyldna, hafa konur skapað svigrúm fyrir karla til að vinna meiri launavinnu í gegnum tíðina og sparað ríkinu stórfé með því að vinna kauplaust störf sem hafa mikla þýðingu fyrir samfélagið. Í dag eru þessi störf í umtalsvert meiri mæli launuð vinna á vegum opinberra aðila þó að störf umönnunarstétta séu verr launuð en flestra annarra fagstétta sem hægt er að bera þau saman við m.t.t. vinnuálag, menntunar o.fl., eins og oft hefur komið fram í íslenskri jafnréttisumræðu. Áhugavert er að reyna að gera sér í hugarlund hve háar upphæðir íslenska ríkið hefur komist hjá að borga konum síðustu áratugina fyrir þeirra ólaunuðu vinnu á þessu sviði.

Af þessum sökum hafa konur greitt minna í lífeyrissjóði en karlar síðustu áratugi, sem sést mjög berlega þegar skoðaðar eru lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna eftir kyni viðtakenda (Fjármálaeftirlitið, 2011, *Lífeyrissjóðir: Ársreikningar 2010 ásamt kennitölum og öðrum upplýsingum*). Þá kemur í ljós að konur fá að meðaltali innan við helming þeirrar upphæðar sem karlar fá í lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum sínum. Sjá umfjöllun og útreikninga í rannsókn Steinunnar Rögnvaldsdóttur, *A haunted society: Old age pensions in Iceland from a gender perspective* (2012). Í niðurstöðum þeirrar rannsóknar kemur fram að „konur hafa unnið sér inn minni tekjur hjá lífeyrissjóðum og með viðbótarlífeyrissparnaði en karlar. Þær þurfa því að reiða sig meira á ellilífeyri og réttindi almannatrygginga. Þó að vinnumarkaðspáttaka kvenna hafi aukist munu kynbundinn launamunur, ólaunuð heimilisábyrgð og færri vinnustundir kvenna í launavinnu leiða til þess að kynjamisrétti á vinnumarkaði öðlist framhaldslíf þegar konur hætta að vinna“. Eldri konur eru einnig líklegri en eldri karlar til að lifa við eða undir fátækramörkum.

Í rannsókninni er enn fremur bent á leiðir til að skapa kvenvænlegra lífeyriskerfi sem stuðli að auknu efnahagslegu jafnrétti kynjanna. Hugsanlega einfaldasta og minnst umdeilda leiðin væri að hækka grunnlífeyri og tekjutryggingu og uppbætur til þeirra sem lægst hafa tekjurnar þannig að öruggt væri að lífeyrisþegar gætu framfleytt sér á þeim

greiðslum. Sú leið myndi í grunninn vera kynhlutlaus þar sem hún kæmi þeim sem hefðu lægstar tekjurnar vel, burtséð frá kyni. Í raun væri þetta þó jafnréttisaðgerð þar sem að konur eru meirihluti þeirra sem að reiða sig á grunnlífeyri og uppbætur vegna lítilla eða engra tekna frá lífeyrissjóðum. Slík aðgerð myndi þar af leiðandi auka efnahagslegt jafnrétti kynjanna.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins um umrætt frumvarp kemur fram að

„Samkvæmt útreikningum frá TR hafa breytingar frumvarpsins einkum áhrif á þá lífeyrisþega sem hafa einhverjar aðrar tekjur til viðbótar við bætur almannatrygginga og **er áætlaður ávinningur af breyttum bótaréttindum meiri eftir því sem tekjur lífeyrisþega eru hærrí. Á hinn bóginn munu lífeyrisþegar sem hafa hvað lægstu kjörin hafa lítinn ávinning af breytingum frumvarpsins.** Ástæða þess er sú að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu felast ekki í hækkun fjárhæða einstakra bótaflokka heldur fyrst og fremst í minni tekjutengingu og hækkun frítekjumarka gagnvart öðrum tekjum“.

Samkvæmt þessu fer frumvarpið í þveröfuga átt við það sem æskilegt væri til að stuðla að efnahagslegu jafnrétti eldri kvenna og karla, sbr. umfjöllun hér að ofan. Í umfjöllun fjármálaráðuneytisins er einnig mjög skýrt að kvenkyns lífeyrisþegar munu að meðaltali fá minni hækkun í krónum en karlar, sjá t.d.

„Áætlað er að heildartekjur ellilífeyrisþega, sem nú þegar fá greiðslur úr almannatryggingakerfinu, verði rúmlega 3 þús.kr. hærrí að meðaltali á mánuði fyrir karla en rúmlega 2 þús.kr. hærrí fyrir konur miðað við bein áhrif af breytingum sem kveðið er á um í frumvarpinu“.

Það er því alveg ótrúlegt að í athugasemdum við frumvarp þetta segi „Ekki verður séð að frumvarpið hafi bein áhrif á jafnrétti kynjanna“. Þeirri staðhæfingu hafnar Femínistafélagið einfaldlega og vill hvetja frumvarpshöfunda til að kafa dýpra þegar kemur að því að meta áhrif lagasetningar á jafnrétti kynjanna.

Femínistafélagið vill ennfremur hvetja til þess að skipt verði um kúrs í aðgerðum til að bæta kjör lífeyrisþega og að forgangsraðað verði í þágu jafnréttis með því að bæta stöðu þeirra sem hallast standa í kerfinu. Hækkun á grunnlífeyri myndi stuðla að auknu jafnrétti eldri kvenna og karla, en einnig koma verst settu öryrkjunum best, en meirihluti öryrkja eru konur. Það er því tillaga félagsins að frumvarpinu verði breytt þannig að sett verði í forgang að hækka grunnlífeyri og tekjutryggingu lífeyrisþega.

Virðingarfyllst,
F.h. Femínistafélags Íslands,
Steinunn Rögnvaldsdóttir, talskona